

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9,
640 Húsavík

Hvanneyri, 29. október 2025
202509-0142/S.p.
08.01

Efni: Umsögn - Aðalskipulag - Tillaga - Breyting á deiliskipulagssvæðisinu Stórhóll - Hjarðarholt á Húsavík - 1178/2024 Norðurþing.

Vísað er til erindis Norðurþings er barst 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um skipulaglýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, deiliskipulagssvæði íbúðabyggðar við Stórhól-Hjarðarholt á Húsavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til íbúðarbyggðar við Stórhól-Hjarðarholt (ÍB8, ÍB9 og ÍB10) þar sem fyrirhugað er að þétta byggðina og fjölga íbúðum á svæðinu um allt að 80. Aðeins er gerð breyting á greinargerð aðalskipulags og skilmálum fyrir uppbyggingu á íbúðarsvæðunum. Uppdráttur helst óbreyttur. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið og stefnt er að því að auglýsa aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag samhliða.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í verndun náttúrunnar. Þau standa nær samfélaginu og hafa áhrif á mörg þau stjórnæki sem skipta máli fyrir líffræðilega fjölbreytni – svo sem skipulag, leyfisveitingar og landnýtingu.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætlunum sínum. Taka skal fram að stefnumótun um vernd og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika á einnig við um skipulagsmál innan þéttbýlis.

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðafnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan.

Í skipulagsáætluninni sem hér er lögð fram er hægt að setja fram stefnu, markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda, ofanvatnslausnir gagnvart yfirborðsvatni svo eitthvað sé nefnt.

Náttúruverndarstofnun vill benda á að þessa nýju stefnu stjórnvalda og beina hvatningu til sveitarfélaga að taka hana til sérstakrar skoðunar við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri

Axel Benediktsson
sérfræðingur